

Ed.

68. Nefndarátt

um frv. til stjórnarskipunarlags um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin í þessu máli hefir klotnað. Meiri hlutinn vill fella frv., en minni hlutinn telur hinsvegar til bóta þær breytingar á stjórnarskránni, sem felast í frv. Aðalbreytingar frv. á núgildandi stjórnarskrá eru þrjár:

1. Þinghald annaðhvert ár.
2. Kosning landskjörinna þingmanna til 4 ára og samtímis kosningu þjóðkjörinna þingmanna.
3. Kosningaaldur við landskjör er færður niður í 30 ár og kjörgengi miðað við sama aldur.

Um fyrstu breytinguna er það að segja, að mikill meiri hluti þjóðarinnar hefir fyrir löngu lýst fylgi sínu við hana með samþykktum ár eftir ár á þingmálafundum víðsvegar um land. Þjóðin hefir litið svo á, að þessari breytingu hlyti að fylgja mikill sparnaður á ríkisfje, enda verður því tæplega neitað.

Önnur aðalbreytingin, er snertir kosningu landskjörinna þingmanna hlýtur einnig að hafa allverulegan sparnað í för með sjer.

Að því er þriðju breytinguna snertir, um kosningaaldur og kjörgengi við landskjör, þá litur minni hlutinn svo á, að þótt hann telji hana ekki til bóta, þá sje hún hinsvegar ekki svo þýðingarmikil, að til mála geti komið að fella frv. hennar vegna. Á síðasta þingi var þetta frv. þaulrætt og þá færð rök fyrir þeim breytingum, sem felast í því, og þykir ekki ástæða til að endurtaka það í þessu nefndarálit. Minni hluti nefndarinnar leggur eindregið til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. jan. 1928.

H. Steinsson,
frsm.

Jóh. Jóhannesson.

Ed.

69. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Mjer virðist frv. þetta veita bæjarstjórnnum miklu viðtækari heimild til þess að skerða atvinnufrelsi manna en rjett er eða rjettlæst getur af nokkurri almenningsnauðsyn. Sjerstaklega tel jeg alveg óviðeigandi að fá bæjarstjórnnum vald til þess að ákveða eða takmarka vinnutíma þeirra handiðnarmanna, sem stunda atvinnu sína einir eða með aðstoð skylduliðs síns einungis. Legg jeg því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 31. jan. 1928.

Jón Þorláksson.

Nd.

70. Framvarp

til laga um samskóla Reykjavíkur.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson, Hjeðinn Valdimarsson,
Jón Ólafsson, Sigurjón A. Ólafsson.

1. gr.

Í samskólum Reykjavíkur skulu vera fyrst um sinn þessir framhaldsskólar: Ungmennaskóli, iðnskóli, verslunarskóli og vjelstjóraskóli.

2. gr.

Ungmennaskólinn skal annast almenna framhaldsfræðslu, en hinir skólarnir sjerfræðslu, hver á sínu sviði.

3. gr.

Í skólum þessum skulu kendar þessar greinir:

1. *Tungumálagreinir*: íslenska, danska, enska, þýska;
2. *Sagnfræðigreininir og atvinnumál*: sagnfræði, þjóðfélagsfræði, atvinnu- og viðskiftafræði, samvinnufræði, verslunarrjettur, iðnlöggjöf, atvinnuskipulag;
3. *Náttúru- og edlisfræðigreininir*: náttúrusaga og náttúrufræði, mannfræði og heilsufræði, efnafræði, edlisfræði, landafræði;
4. *Talnageininir*: reikningur, verslunar- og iðnreikningur, stærðfræði, bókfærsla;
5. *Verklegar greinir*: teikning, vjelfræði, smíðar, skrift og vjelritun, efnis- og áhaldafraedi, varningsfræði;
6. *Söngur, líkamsæfingar og íþróttir*.

Heimilt er, með samþykki eða eftir fyrirmælum kenslumálaráðuneytisins, að breyta námsgreinaskrá skólanna frá því, sem hjer er talið, fjölga eða fækka námsgreinum eftir þörfum.

4. gr.

Samskólarnir halda uppi sameiginlegri eins árs undirbúningsdeild í almennum námsgreinum fyrir nemendur, er vilja búa sig undir inngöngu í einhvern af sjerskólunum. Deild þessari stjórnar skólastjóri ungmennaskólans.

5. gr.

Fastanemendur skólanna eru þeir, er stunda nám í öllum þeim námsgreinum, sem ákveðnar eru til fullnaðarprófs í þeim skóla eða undirbúningsdeild. En auk þessa fastanáms skal leyfa þátttöku í einni námsgrein eða fleirum og einnig stofna til námsskeiða um skamman eða langan tíma, þegar ástæður eru til. Undanþágu má skólastjóri ungmennaskólans veita nemendum skólans í einni eða fleiri námsgreinum, eftir því, sem áhugi og hæfileikar benda til.

6. gr.

Kenslumálaráðuneytið setur sjerreglugerð fyrir hvern þessara skóla, að fengnum tillögum skólaaðilja, en það eru bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir ungmennaskólann, stjórn Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík fyrir iðnskólann og Verslunarráð Íslands fyrir verslunarskólann, enda hafi hver aðili tillögurjett um stjórn og rekstur síns skóla. Í reglugerðunum skulu vera ákvæði um inntökuskilyrði, námsgreinir, stundafjöldi námsgreina, námsárafjöldi, kensluna og kröfur til fullnaðarprófs. Kenslumálaráðuneytið skipar prófdómendur, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

7. gr.

Nú krefst skóli til fullnaðarprófs þekkingar í öðru en því, sem heyrir undir sjernám skólans, og skulu þá nemendur fá þá fræðslu í þeim skóla eða skólum stofnunarinnar, sem hafa á hendi kenslu í þeim greinum. Þegar nemendur af þessari ástæðu sækja kenslu í annan skóla en sinn eiginn, skulu

þeir, eftir því, sem við verður komið, njóta þar kenslunnar ásamt fastanemendum þess skóla.

Kenslumálaráðuneytið setur reglugerð um þetta og annað samstarf skólanna og öll sameiginleg atriði, að fengnum tillögum skólaráðs.

8. gr.

Hverjum skólanna stýrir skólastjóri, en hinum sameiginlegu málefnum skólanna stjórnar skólaráð, og skulu eiga í því sæti skólastjórar allra skólanna og oddamaður, sem kenslumálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn. Hann er fulltrúi ríkisstjórnarinnar og formaður skólaráðs, enda skal honum greidd þóknun úr ríkissjóði, sem ráðuneytið ákveður.

Skólastjóri ungmennafræðaskólans skal hafa á hendi allar fjárreiður skólanna og reikningshald og sjá um eignir þeirra, alt undir umsjón skólaráðs.

Skólastjóra skipar kenslumálaráðuneytið, að fengnum tillögum aðilja, en kennara að fengnum tillögum skólaráðs.

9. gr.

Fastir kennarar skulu vera svo margir sem þörf er á í tvískipaða undirbúningsdeild og einskipaða, fasta námsbekki skólanna, en stundakensla að auki eftir þörfum. Skólastjórar teljast í þessu sambandi til fastra kennara.

Þegar bekkir einhvers skólans hafa verið tvískipaðir eða meira um þriggja ára skeið, skulu skipaðir fastir kennarar, sem svarar alt að $\frac{3}{4}$ þeirrar fastakenslu, sem er umfram það, er segir í 1. málsg. þessarar greinar.

Fastir kennarar eru skyldir til að kenna 27 stundir í viku, en í reglugerð skal kveða á um kenslustundafjölda hvers skólastjóra.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við samskólana, nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

10. gr.

Skólastjóri ungmennaskólans hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar lögum samkvæmt, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði í skólahúsinu, ljós og hita. Ennfremur má ráðuneytið ákveða honum þóknun fyrir reikningshald og umsjón.

Skólastjórar verslunarskólans, vjelstjóraskólans og iðnskólans hafa að byrjunarlaunum 4400 kr., auk dýrtíðaruppbótar eftir lögum, og hækka þau á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 5400 kr. Meðan ekki er fastur dagskóli í iðnskólanum, auk kvöldskóla, er skólastjórinn skyldur til þess að gegna öðrum starfa aukreitis, er kenslumálaráðuneytið kann að fela honum, gegn þóknun, ef ráðuneytið telur það sanngjarnt.

Fastir kennarar skólanna skulu hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr.

11. gr.

Laun þau, er ræðir um í 10. gr., og kostnaður af stundakenslu, er leiðir af fastanámi í skólunum (sbr. 5. gr.), greiðist úr rikissjóði, en endurgjalds-kröfu á hann hjá bæjarsjóði Reykjavíkur á $\frac{1}{4}$ hluta þess kenslukostnaðar, sem fastanáminu fylgir í undirbúningsdeild og ungmennaskólanum.

12. gr.

Fyrir alla nemendur skólanna skal greiða skólagjald, er rennur í skólasjóð. Kenslumálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólaráðs, hversu há skólagjöld fastanemenda skuli vera, en skólaráð gjöld aukanemenda. Skólagjöldin skal ákveða svo há, að skólasjóður fái staðist þau gjöld, er á honum hvila. Í skólasjóðinn rennur einnig það fje annað, sem stofnuninni kann að áskotnast, nema öðruvísi sje fyrir mælt.

13. gr.

Úr skólasjóði skal greiða allan kostnað við skólahaldið, sem ekki er lagður á aðra eftir lögum þessum, þar á meðal kostnað af viðhaldi skólahússins, aukningu áhalda, kostnað af námsskeiðum, borgun til kennara, sem ekki falla undir 11. gr., o. fl. Fyrir skólahúsið greiðist engin leiga.

14. gr.

Landsstjórnin lætur reisa handa stofnuninni hæfilega stórt skólahús, vjelahús og vinnustofur með nauðsynlegum áhöldum og útbúnaði, þegar allir aðiljar, en það eru Alþingi, bæjarstjórn Reykjavíkur, Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík fyrir iðnaðarmenn, og Verslunarráð Íslands fyrir verslunarmenn, leggja fram nauðsynlegt fje til þess. Stofnkostnaður þessi skiftist þannig milli aðilja, að rikissjóður leggur fram $\frac{2}{5}$, bæjarsjóður Reykjavíkur $\frac{2}{5}$ og lóð, er kenslumálaráðuneytið tekur gilda, iðnaðarmenn $\frac{1}{10}$ og verslunarmenn $\frac{1}{10}$.

15. gr.

Stofnunin tekur til starfa 1. október næstan eftir að lokið er undirbúningi þeim öllum, sem um er rætt í 14. gr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt einróma tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur, eins og sjá má af brjefi því, sem hjer er birt. Frumvarpið er hjer flutt orðrjett eins og það er síðast prentað í heilu lagi í skjalaparti Alþingistíðindanna í fyrra (þskj. 285). Flutningsmenn vilja þó taka fram, að þeir sjeu hver um sig ekki samþykkir frv. í öllum atriðum.

Fylgiskjal.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík, 25. janúar 1928.

Á fundi bæjarstjórnarinnar 19. þ. m. var með samhljóða atkvæðum samþykkt svo hljóðandi tillaga:

»Bæjarstjórn Reykjavíkur ályktar að skora á þingmenn kaupstaðarins að flytja hið fyrsta á yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um samskóla í Reykjavík, er lá fyrir þinginu í fyrra, svo framarlega sem ríkisstjórnin leggur það ekki fyrir þingið«.

Áskorun þessari leyfi jeg mjer hjer með að beina til háttvirtra þingmanna kaupstaðarins.

K. Zimsen.

Til
þingmanna Reykjavíkurkaupstaðar á Alþingi.

Nd.

71. Nefndarálit

um frumvarp til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

Frá allsherjarnefnd.

Stjórnarfrv. þetta er komið fram eftir áskorun neðri deildar í þingsályktun 1927. Aðalinnihald þess er, að fyrirtæki, þar sem 3 menn eða fleiri vinna saman að staðaldri, eða þar sem eimkatlar og vjelar eru starfandi, skuli tilkynningarskyld, en stjórnarvöldin ákveði síðar, hver þeirra sju eftirlitsskyld. Nánari reglur um eftirlit sju mikils til settar með reglugerðum, þó að ýmsar ákveðnar kröfur sju gerðar í frv. Skoðunarkostnað greiði fyrirtækin sjálf, nema ferðakostnað skoðunarmanna, sem greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga og sjer ekki ástæðu til að koma með breytingartillögur við það.

Alþingi, 31. jan. 1928.

Gunnar Sigurðsson,
form.
Bernh. Stefánsson,

Hjediinn Valdimarsson,
fundaskrifari og frsm.
Hákon J. Kristófersson.

Ed.

72. Breytingartillögur

við frv. til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 6. gr. Fyrir orðin í niðurlagi 1. málsg. »með þeim skilyrðum« komi: alt að því.
2. Við 6. gr. Fyrir orðin í síðasta málslið »Ríkissjóður greiðir« komi: Í samningi má ákveða, að ríkissjóður greiði.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Skóglaut land, sem girt er samkv. 6. gr. til þess að koma þar upp skógargróðri, skal vera alfriðað fyrir búfjárbreit. Skógræktarstjóra er heimilt að leyfa að heita kúm og sauðfje í skóglendi, sem girt hefir verið samkv. 6. gr., ef hann telur ástand skógarins þannig, að beitin tefji ekki til muna framför hans. Aldrei má þó leyfa neina beit á slíkum svæðum frá 1. nóv. til 20. júní. Komi til greina að rækta nýjan skógargróður á einhverjum hluta slíks svæðis, má eigi leyfa neina beit í girðingunni nema eigandi eða nothafi setji upp á sinn kostnað nægilega trausta girðingu um þann hluta og haldi henni við.

Nd.

73. Framvarp

til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ákvæði laga nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, skulu einnig gilda um fasta starfsmenn Búnaðarfjelags Íslands.

Nú fer fastur starfsmaður Búnaðarfjelags Íslands úr þjónustu þess, án þess að vera vikið úr þjónustunni, og skal hann þá hafa rjett til endurgreiðslu iðgjalda eða geymslu lífeyris samkvæmt 4. málsg. 4. greinar laganna, enda láti hann ekki af starfinu með rjetti til lífeyris.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Ed.

74. Breytingartillögur

við frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Bervík í Snæfellsnessýslu.

Frá forsætisráðherra.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í Bervík í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu og á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

2. Við 2. gr. Fyrir »verslunarlóðarinnar« komi: verslunarlóðanna.
3. Fyrirsögnin orðist svo:
Frv. til laga um löggilding verslunarstaða.

Nd.

75. Frumvarp

til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa heimavistahús fyrir Hinn almenna mentaskóla handa 40–50 nemendum skólans og búa það nauðsynlegustu húsgögnum, hvorttveggja á kostnað rikissjóðs. Í húsinu skal vera íbúð handa kennara.

2. gr.

Heimavistanemendur fá húsnæðið ókeypis ásamt ljósi og hita. Í húsinu skal ætla rúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mótuneyti heimavistanemenda, en að öðru leyti tekur rikissjóður ekki þátt í þeim kostnaði, er af mótuneytinu leiðir.

3. gr.

Skólameistari velur, í samráði við fasta kennara skólans, þá nemendur, er heimavistanna eiga að njóta. Ef fleiri sækja en húsrúm leyfir, skulu utanbæjarnemendur ganga fyrir, enda sjeu þeir efnilegir og stundi nám sitt vel. Ef ekki er húsrúm fyrir þá utanbæjarnemendur, sem heimavista óska, ganga þeir fyrir, sem fátækari eru, ef þeir annars teljast hlunnindanna maklegir.

4. gr.

Kenslumálaráðherra setur reglur um heimavistirnar, að fengnum tillögum skólameistara. Í reglum þessum skulu vera fyrirmæli, er tryggja góða reglu í heimavistahúsinu, um þjónustufólk og annað, er þurfa þykir.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhljóða og það var samþykkt við 2. umr. í Nd. síðastl. ár. Um ástæður fyrir frv. vísast til þingtíðindanna frá í fyrra.

1d.

76. Nefndarátt

um frv. til laga um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. febrúar 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður.	Hjediinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Magnús Guðmundsson, frsm.	Hákon J. Kristófersson.
Bernh. Stefánsson.	

1d.

77. Nefndarátt

um frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klotnað um frumvarp þetta. Meiri hlutinn álitur rjettmætt, að Hafnarfjörður verði sjerstakt kjördæmi, vegna kjósendafjölda, atvinnuhátta og allrar aðstöðu, og vill mæla með því, að frumvarpið nái fram að ganga.

Alþingi, 2. febrúar 1928.

Gunnar Sigurðsson, form.	Hjediinn Valdimarsson, frsm. og fundaskrifari.
Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.	

1d.

78. Frumvarp

il laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Sjómenn og aðrir þeir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta eigi sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til

að greiða atkvæði á öðrum kjörstað, samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörstaðar eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið annast um útvegum kjörseðla ásamt fylgibrjefum og umslögum, er þar til heyra, á kostnað rikissjóðs. Kjörgögn þessi skulu vera þannig gerð: Kjörseðill, fylgibrjef og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með raufalínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum hvítum pappir svo þykkum, að skriftin verði ekki greind í gegnum hann. Stofn og fylgibrjef sama kjörblaðs skulu auðkend sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar kosningar um land alt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu bundin sjer í hefti. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbrjefi; jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með raufalínum, svo að auðvelt sje að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibrjefinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra.

Kjörblað skal líta þannig út: (Sjá næstu síðu).

Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappir af þeirri stærð, að hæfileg sjeu utan um fylgibrjefið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

Kjörgögn þessi skal stjórnarráðið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörstaðar áður en framboðsfrestur er úti. Kjörstjórar utan kjörstaða samkvæmt lögum þessum eru: sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, enda gefi þeir drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi þeirra fari fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar, um leið og þeir taka við kjörgögnum. Stjórnarráðið sendir nægilegar birgðir kjörgagna til allra sýslumanna og bæjarfógeta og heldur bók yfir, hve mörg kjörblöð með umslögum hver þeirra fær og tölusetningu þeirra. Á sama hátt senda sýslumenn og bæjarfógetar nægilegar birgðir kjörgagna til annara kjörstjóra, hver í sínu umdæmi. Skulu þeir halda bók yfir kjörgögn þau, er þeir senda frá sjer, á sama hátt og stjórnarráðið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því aðeins gild, að notuð sjeu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt framanrituðu, enda sje kjósandinn þá skrásettur á skipinu.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar með eigin hendi á atkvæðaseðilinn fult nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Nr.
.....
(Nafn og fðurnafn kjsanda).

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

Kaus
.....
(Staður, dagsetning og ár).

Hjá
.....
(Nafn, staða og heimili).

.....
Nr.
Jeg
(Nafn og fðurn. kjs., staða, heimili, hreppsnafn eða kaupst.)

sem vegna
.....
(Ástæður).

eigi get mætt á kjörstað minum, legg það undir drengskap minn og mannrð,
að jeg þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrmi, og án þess að nokkur maður
hafi sjð hefi útfyllt viðfestan kjrseðil og limt hann aftur.

.....
(Staður, dagsetning og ár).

.....
(Undirskrift kjsanda).

Að hafi undir-
(Fult nafn og heimili kjsanda).

skrifað fylgibrjef, sem er rjett dagsett, og að þar umgetinn kjrseðill sje út-
fylltur aðstoðarlaust og þvingunarlaust og í einrmi vottar undirritaður.

.....
(Staða vottorsgefanda og heimili).

.....
(Nafn, staða, heimili).

Limbori

Limbori

Limbori

Sje um hlutbundnar kosningar að ræða, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, eiga rjett á að greiða atkvæði strax og framboðsfrestur er liðinn, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörstaðar fá afhent tölusett fylgibrjef með áföstum kjörseðli og síðan þvingunar- og aðstoðarlaust i einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis, eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosning er, ef hann vill — á kjörseðilinn, brjóta hann síðan saman, þannig að nafnið verði innan á, og lima hann vandlega aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar vottorðið á fylgibrjefinu, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa eða auðkenna á nokkurn hátt, nje losa hann frá fylgibrjefinu. Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibrjefinu um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur i einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördeildar hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sje alt auðkent sömu tölu. Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibrjefið.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til annars kjörstjóra utan kjörstaðar, þá skal atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, sem i hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum skal kjósandi því næst láta i umslagið, loka því vandlega og rita utan á það til hreppstjórans i þeim hreppi eða bæjarfógetans i þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að i því liggi atkvæðisseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi. Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins. Þó getur hann falið kjörstjóra að sjá um sendingu þess, og er þá kjörstjóra skylt að sjá um, að það komist beint i hendur rjettis viðtakanda.

5. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, i áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert brjef, frá hvaða kjósanda það sje, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu brjef þessi varðveitt i venjulegum atkvæðakassa, innsigliuðum af kjörstjórn og frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra.

Að því er þriðju breytinguna snertir, um kosningaaldur og kjörgengi við landskjör, þá litur minni hlutinn svo á, að þótt hann telji hana ekki til bóta, þá sje hún hinsvegar ekki svo þýðingarmikil, að til mála geti komið að fella frv. hennar vegna. Á síðasta þingi var þetta frv. þaulrætt og þá færð rök fyrir þeim breytingum, sem felast í því, og þykir ekki ástæða til að endurtaka það í þessu nefndarálíti. Minni hluti nefndarinnar leggur eindregið til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. jan. 1928.

H. Steinsson,
frsm.

Jóh. Jóhannesson.